

2. gr.

110. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Reglur þær, sem settar eru í 100. og 101. gr. um gjalddaga, fyrirframgreiðslu og dráttarvexti og í 103. og 104. gr. um skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi til skattgreiðslu, skulu einnig gilda um innheimtu annarra þinggjalda en tekju- og eignarskatts og má taka slík gjöld lögtaki í einu lagi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.

1. gr.

1. málslíður a-liðar 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum er falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. marz, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, skal innheimta til greiðslu upp í gjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð jafnháa allt að $\frac{3}{5}$ hlutum sameiginlegra gjalda, sem honum bar að greiða næstliðið ár.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 10. janúar 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Jón Sigurðsson